

1233. Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafli.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur haft frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í kjölfar samdráttar í þorskafli á Vestfjörðum til skoðunar og m.a. farið til viðræðna við heimamenn á Vestfjörðum í því sambandi. Einnig hefur nefndin aflað gagna um það hvernig samdrátturinn dreifist á landshluta og einstök byggðarlög.

Frumvarpið hefur sætt harðri gagnrýni, einkum fyrir tvennt. Hið fyrra er að því skuli ekki ætlað að taka til byggðarlaga alls staðar á landinu sem eru í sambærilegri stöðu hvað áhrif af þorskaflabrestinum snertir. Hið síðara er sú þrönga skilyrðing ráðstafananna við sameiningu fyrirtækja í sveitarfélögum sem sameinist öðrum sem frumvarpið byggir á.

Engin deila er um það að sem landshluti hafa Vestfirðir verulega sérstöðu. Þeir eru hlutfallslega mjög háðir þorskveiðum og sjávarútvegur er þar alger undirstaða í einhæfu atvinnulífi. Einnig hafa þar verið miklir rekstrarerfiðleikar. Hitt er jafnljóst að á einstökum svæðum og í einstökum byggðarlögum annars staðar á landinu finnast sambærilegar aðstæður, á svæðum eða byggðarlögum sem eru hlutfallslega mjög háð þorskveiðum þar sem atvinnulíf er einhæft og erfiðleikar hafa gengið yfir. Tölur frá Byggðastofnun um hlut þorsks í þorskígildum eftir heimahöfn eru mjög athyglisverðar í þessu sambandi.

Það er skoðun 2. minni hluta að mismunun milli jafnsettra fyrirtækja eða byggðarlaga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir með því að binda ráðstafanirnar við einn landshluta séu ótækir stjórnsýsluhættir.

Hvað hið síðara snertir, þ.e. ákvæði 1., 2. og 3. gr. þar sem sameining fyrirtækja er gerð að skilyrði fyrir aðstoð og ekki bara það heldur skulu hin sameinuðu fyrirtæki jafnframt standa fótum í sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem hafa tekið þátt í einhverri sameiningu sveitarfélags, er það skoðun 2. minni hluta að þessi framsetning málsins fái ekki staðist. Það getur á engan hátt verið réttlætjanlegt, svo dæmi sé tekið, að útiloka tvö fyrirtæki sem hafa sameinast og fullnægja í einu og öllu skilyrðum fyrir aðstoð á grundvelli þess eins að íbúar viðkomandi sveitarfélags hafa í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu fellt að sameinast öðrum. Einnig getur orkað mjög tvímælis að gera sameiningu fyrirtækja sem slíka að fortakslausu skilyrði en útiloka annars konar endurskipulagningu á rekstri í t.d. stóru fyrirtæki sem væri fyrir stærra en tvö eða fleiri minni fyrirtæki sameinuð. Þá er einnig orðalag frumvarpsins svo misvísandi og óljóst að ómögulegt er að fá botn í hvað fyrir flutningsmönnum, þ.e. ríkisstjórninni, vakir. Er ýmist talað um fyrirtæki eða sveitarfélög sem „ætla að sameinast“, „hafa sameinast“, „vilja sameinast“, „verða sameinuð“ eða „hyggjast sameinast“ eins og segir í athugasemd við 2. gr. Tæknilega er því frágangur frumvarpsins þannig að það hlýtur að teljast mikið metnaðarleysi af þeim sökum einum að afgreiða það óbreytt.

Annar minni hluti telur því óhjákvæmilegt að lagfæra þessa ágalla frumvarpsins og flytur breytingartillögur í þá veru.

Í flestum ef ekki öllum umsögnum sem nefndinni bárust kom fram það álit, sem og kom það fram í máli þeirra sem nefndin fékk til viðtals, að óhjákvæmilegt væri að breyta frumvarpinu.

Að lokum skal það tekið skýrt fram að 2. minni hluti er hlynntur því að gripið verði til aðgerða til að aðstoða þau byggðarlög landsins, og þar með ekki síst Vestfirði, sem orðið hafa harðast úti vegna samdráttar í þorskveiðum. Annar minni hluti vill því gjarnan stuðla að því að frumvarp þetta verði lagfært þannig að hægt sé að afgreiða það með far-sælum hætti.

Verði ekki fallist á neinar breytingar er ljóst að ráðstafanirnar munu koma að næsta litlu gagni auk þess sem þær munu brjóta í bág við grundvallarreglur um jafnræði.

Óhjákvæmilegt er að gagnrýna að stjórnarflokkarnir skuli ekki hafa verið til viðtals um lagfæringar á frumvarpinu og ekki gefið neitt færi á samráði og mögulegu samkomu-lagi við stjórnarandstöðuna, heimamenn á Vestfjörðum og aðra aðila um afgreiðslu þess.

Verði ekki fallist á neinar breytingar á frumvarpinu í þá veru sem tillögur 2. minni hluta gera ráð fyrir og mælt var með í flestum viðtölum og umsögnum hjá nefndinni mun 2. minni hluti sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1994.

Halldór Ásgrímsson,
form.

Steingrímur J. Sigfússon,
frsm.

Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal I.

Bréf bæjarráðs Bolungarvíkur til forsætisráðherra.

(7. apríl 1994.)

Bæjarráð Bolungarvíkur er í höfuð atriðum sammála þeim viðhorfum sem koma fram í framangreindu frumvarpi, þ.e. að ríkisvaldið og Bygðastofnun stuðli að og greiði fyrir sameiningu sveitarfélaga og fyrirtækja, þar sem það á við.

Jafnframt er því fagnað, að sérstaða Vestfjarða er metin, og ástæða talin til að grípa til tímabundinna aðgerða til að mæta vanda sveitarfélaga og sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum

Eins og frumvarpið er nú sett fram, ná fyrirhugaðar aðgerðir aðeins til þeirra sveitarfélaga og sjávarútvegsfyrirtækja " **sem ætla að sameinast**", eins og segir til um í 2. gr. frumvarpsins.

Vandi þeirra sveitarfélaga á Vestfjörðum sem ekki hafa enn ákveðið að sameinast er síst minni en hinna, enda öll ytri skilyrði hin sömu, hvort heldur er um sameiningu að ræða eður ei.

Viðurkenndan vanda verður því að leysa án tillits til margnefndrar sameiningar. Bæjarráð bendir á, að samkvæmt tillögum Sveitarfélaganefndar stenst Bolungarvíkurkaupstaður þau íbúamörk, sem sett eru um lágmarks íbúafjölda í sveitarfélagi, og á því að " geta staðið fyrir rekstri og uppfyllt kröfur löggjafans um margvíslega þjónustu við íbúana o.s. frv. "

Vandi Bolungarvíkurkaupstaðar.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þann vanda sem skapaðist í kjölfar gjaldþrots fyrirtækja Einars Guðfinnssonar hf..

Til að forðast atvinnulegt hrun, fólksflóttu, og auðn í Bolungarvík, varð bæjarstjórn að hefja varnarbaráttu, og hafa forgöngu um endurreisn atvinnulífsins í Bolungarvík, m.a. með því að stofna og vera aðaleigandi útgerðarfélagins Ósvarar hf., sem á og rekur togarana Dagrúnu ÍS og Heiðrúnu ÍS.

Þá hafði bæjarsjóður áður keypt meirihluta í útgerðarfélaginu Græði hf. ásamt Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur til að forða sölu fiskveiðiskipsins Flosa ÍS-15, ásamt veiðiheimildum á brott úr kaupstaðnum.

Til að sýna hversu miklum fjármunum Bolungarvíkurkaupstaður hefur tapað og lagt fram til að viðhalda byggð í Bolungarvík eru eftirfarandi tölulegar staðreyndir kynntar:

<i>Tap vegna gjaldþrots E.G. hf.</i>	<i>135 m.kr.</i>
<i>Hlutfjárkaup í Græði hf</i>	<i>42 m.kr.</i>
<i>Hlutfjárkaup í Ósvör hf</i>	<i>30 m.kr.</i>
<u><i>Endurlán til Ósvarar hf</i></u>	<u><i>(20 m.kr.)</i></u>
<i>Alls kr.</i>	<i>227 m.kr.</i>

Til samanburðar er rétt að geta þess, að sameiginlegar tekjur bæjarsjóðs voru á árinu 1993 kr. 132,8 m.kr., en eru áætlaðar kr. 124 m.kr. árið 1994.

Á þessu má sjá hversu gífurlegur vandi sveitarfélagins er vegna þátttöku í atvinnulífinu. Heildarskuldir bæjarsjóðs voru 31. des 1993, 283 m.kr.

Hvað hefur ríkisvaldið gert til að mæta vanda Bolvíkinga ?

Bæjarráð sér ekki ástæðu til að rifja hér upp fyrri viðræður við stjórnvöld um margnefndan vanda Bolvíkinga.

Þrátt fyrir vinsamlegar viðræður og beiðni um viðbrögð hefur ekkert enn verið gert til að koma til móts við okkur, og því fyllsta ástæða til að minna á, að það verður aldrei ásættanlegt, að ríkisvaldið skuli með lagasetningu setja fram tillögur til úrbóta sem leiða til svo mikills mismunar milli sveitarfélaga, og gert er ráð fyrir í frumvarpi á þingskjali 779, nái það fram að ganga óbreytt.

Það hlýtur því að vera krafa Bolvíkinga, að samtímis og nágretta sveitarfélögum og fyrirtækjum verði veitt eðlileg fyrirgreiðsla, svo sem áður og fyrr hefur verið tekið undir í þessu bréfi, verði litið til sérstöðu Bolungarvíkurkaupstaðar eins og annars "bráðavanda atvinnulífs á Vestfjörðum í kjölfar kvótasamdráttar í þorskeiðum og yfirvofandi gjaldþrota fyrirtækja í sjávarútvegi" svo sem ætlað er að gera samkv. áðurnefndu frumvarpi.

Ágæti forsætisráðherra:

Í lok þessa bréfs eru hér itrekuð öll fyrri tilmæli um fyrirgreiðslu og aðgerðir til að mæta þeim vanda sem lýst hefur verið.

Bæjarstjórn, fyrirtæki, jafnt sem einstaklingar í Bolungarvík hafa verið og eru að berjast fyrir tilverurétti sínum, atvinnuöryggi og áframhaldandi búsetu í Bolungarvík.

Það er eindregin ósk okkar og von að þú talir máli okkar við afgreiðslu þess frumvarps sem nú er í umfjöllun þannig að hagsmuna Bolungarvíkur verði gætt til jafns við önnur sveitarfélög svo okkur auðnist að ná settu marki; þ.e. Bolungarvík áfram í byggð.

F.h. bæjarráðs Bolungarvíkur,

Ólafur Kristjánsson.

Fylgiskjal II.

Bréf stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga til alþingismanna.

(24. mars 1994.)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur á fundi sínum 24. mars 1994, staðfest samkomulag um aðgerðir til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar, dags. 10. mars 1994.

Stjórn sambandsins mótmælir því harðlega að ofangreint samkomulag skuli vera tengt frumvarpi til laga um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla og prentað sem fylgiskjal með því frumvarpi. Samkomulagið, sem stjórn sambandsins er aðili að, var gert áður en frumvarpið var lagt fram og er byggt á ákvæðum sveitarstjórnarlaga og laga um tekjustofna sveitarfélaga og er gert til að stuðla að sameiningu sveitarfélaga, hvar sem er á landinu, með því að jafna skuldastöðu þeirra. Samkomulagið á ekkert skylt við sértækar ráðstafanir ríkissjóðs á tilteknum landsvæðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

Virðingarfyllt,

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.

Þjóðhagsstofnun:

Lauslegar áætlanir um hag sjávarútvegs eftir landshlutum.
(21. mars 1994.)

Hér með fylgja samkvæmt umtali lauslegar áætlanir um hag sjávarútvegs eftir landshlutum.

Það liggur í hlutarins eðli að líta ber á útreikninga af þessu tagi sem vísbendingar en ekki nákvæmar niðurstöður. Því meira sem úrtaki er skipt niður þeim mun óvissari verða niðurstöðurnar.

Samkvæmt þessum útreikningum er hagur sjávarútvegs mjög mismunandi eftir landshlutum. Eigið fé fyrirtækja (eiginfjárhlutfall) er minnst á Suðurlandi og Vesturlandi en mest á Norðurlandi eystra. Afkoman er hins vegar lökust á Vesturlandi og Vestfjörðum en best á Norðurlandi vestra.

	Eigið fé/(eigið fé+skuldir)			Breyting eiginfj./tekjur		Verg hlutd./tekjur			Hreinn hagnaðar/tekjur (ágrg. regla)		
	1992	1993	1994	1993	1994	1992	1993	1994	1992	1993	1994
Reykjavík/Reykjanes	20,2%	15,7%	16,4%	-4,2%	0,8%	14,0%	10,9%	11,9%	1,9%	-1,3%	-1,1%
Vesturland	13,6%	8,7%	8,2%	-5,2%	-0,5%	14,8%	12,8%	13,0%	1,0%	-1,5%	-2,4%
Vestfirðir	18,1%	13,8%	12,0%	-4,4%	-2,1%	12,7%	11,4%	11,1%	1,5%	-0,2%	-1,9%
Norðurland vestra	16,4%	15,0%	17,7%	-1,0%	2,9%	14,9%	14,5%	14,5%	3,1%	3,2%	2,5%
Norðurland eystra	21,8%	20,1%	21,2%	-1,1%	1,2%	16,7%	15,2%	14,6%	4,8%	3,4%	1,8%
Austurland	19,1%	16,8%	20,8%	-1,7%	3,6%	15,3%	13,8%	14,9%	2,0%	0,6%	1,8%
Suðurland	11,8%	4,2%	4,6%	-9,6%	0,5%	12,4%	10,6%	13,2%	0,9%	-1,1%	2,3%
Samtals	18,0%	14,1%	14,9%	-3,6%	0,9%	14,5%	12,7%	13,1%	2,3%	0,4%	0,5%

	Breyting aflamagns/hráefnis.				Breyting aflamagns/hráefnis.			
	1992-1993		Loðna		1992-1994		Loðna	
	Alls	Rækja	og silð	Annað	Alls	Rækja	og silð	Annað
Reykjavík/Reykjanes	2,83%	4,38%	-1,27%	1,28%	-1,58%	6,25%	-0,14%	-3,68%
Vesturland	18,28%	114,06%	8,49%	10,76%	7,82%	117,89%	11,11%	-1,04%
Vestfirðir	-0,13%	37,13%	0,14%	-8,90%	-9,46%	39,58%	4,66%	-20,23%
Norðurland vestra	5,69%	5,20%	75,49%	6,44%	-1,10%	7,08%	83,41%	-8,09%
Norðurland eystra	5,79%	7,28%	28,32%	4,58%	-2,59%	9,20%	32,53%	-7,20%
Austurland	-1,35%	37,35%	8,92%	-4,45%	-5,36%	39,81%	11,53%	-11,58%
Suðurland	0,62%	31,13%	1,69%	-1,18%	-2,04%	33,47%	3,35%	-4,68%
Samtals	3,77%	19,15%	15,44%	0,83%	-2,04%	21,28%	18,38%	-6,76%

Athugasemdir:

Þetta eru lauslegar áætlanir sem marga fyrirvara þarf að að hafa á. Mestu máli í skiptir að eflir því sem úrtaki er skipt meira niður þeim mun óvissari verða niðurstöður eðli málsins samkvæmt. Við bætist tvennt. Annars vegar er erfitt að áætla magnbreytingar milli árunna 1993 og 1994. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um verðmæti afurða eflir landslutum og því er hér notast við meðaltöl fyrir landið í heild. Hvað magnbreytingar varðar er byggt á tölum Fiskifélags Íslands um ráðstöðfun aflans á árinu 1992 og fyrstu ellefu mánuðir ársins 1993. Gert er ráð fyrir að aflinn eflir landslutum breytist eins og áætlaður heildarafi milli árunna 1993 og 1994. Þá hefur hér verið reynt að meta áhrif frýstingar á loðnu- og loðnuhrognum á tekjur og afkomu á árinu 1994.

Fylgiskjal IV.

Byggðastofnun:

Hlutur þorsks í þorskígildum eftir heimahöfn fiskveiðiárið 1993–94.
(6. apríl 1994.)

Kvótaúthlutun 1993/94							
	Raðað eftir hlutfalli þorsks af þorskígildum						
	Staður	Plg	Þorskur	Þorskur %	Röð	lbúar	Þorskur kg /lbúa
8508	Vík	0	0	100,0	1	594	0,1
3606	Borgarnes	0	0	100,0	2	1.791	0,0
6601	Svalbarðsströnd	6	6	98,0	3	330	17,0
6506	Hjalteyri	6	5	94,0	4	226	24,2
3705	Amarstapi	76	67	88,3	5	56	1.204,4
7509	Borgarfjörður ey	254	177	69,8	6	189	937,3
7605	Mjólfjörður	65	44	68,5	7	34	1.303,0
4502	Reykholahreppu	5	4	67,7	8	340	10,9
4603	Patreksfjörður	2.674	1.722	64,4	9	901	1.911,5
4706	Suðureyri	491	309	63,0	10	346	893,8
1100	Seltjarnarnes	13	8	61,6	11	4.437	1,8
6501	Grímsey	652	396	60,7	12	116	3.409,5
7501	Þakkafjörður	621	367	59,0	13	134	2.736,0
5710	Hofsós	214	118	55,4	14	406	291,7
6705	Raufarhöfn	2.096	1.141	54,5	15	382	2.988,0
3706	Hellissandur/Rif	3.817	2.060	54,0	16	618	3.333,7
4604	Tálknafjörður	2.030	1.056	52,0	17	368	2.869,1
7502	Vopnafjörður	2.385	1.205	50,5	18	886	1.359,5
7000	Seyðisfjörður	2.927	1.478	50,5	19	878	1.683,0
6602	Grenivík	1.858	870	46,8	20	399	2.180,3
7615	Djúpvogur	1.980	921	46,5	21	591	1.558,0
6505	Árskógssandur	2.255	1.010	44,8	22	382	2.644,9
3200	Ólafsvík	7.428	3.155	42,5	23	1.123	2.809,7
4705	Flateyri	1.973	828	42,0	24	372	2.225,6
7612	Stóðvarfjörður	1.399	571	40,9	25	318	1.797,0
7609	Reyðarfjörður	1.317	530	40,2	26	720	736,4
2504	Garður	2.917	1.173	40,2	27	1.110	1.057,2
7613	Breiðdalsvík	1.647	659	40,0	28	332	1.984,4
4702	Pingeyri	3.705	1.411	38,1	29	499	2.828,5
4100	Bolungarvík	5.166	1.933	37,4	30	1.176	1.643,9
6200	Ólafsfjörður	9.218	3.423	37,1	31	1.185	2.888,6
4904	Hólmavík	2.758	1.019	36,9	32	499	2.042,0
6300	Dalvík	7.335	2.702	36,8	33	1.534	1.761,6
5000	Siglufjörður	6.832	2.515	36,8	34	1.784	1.409,5
4000	Ísafjörður	15.563	5.725	36,8	35	3.511	1.630,7
1000	Kópavogur	440	162	36,8	36	17.176	9,4
6504	Hrísey	3.051	1.112	36,4	37	263	4.227,0
5609	Skagaströnd	6.947	2.530	36,4	38	685	3.693,8
5100	Sauðárkrúkur	6.196	2.245	36,2	39	2.710	828,3
4803	Súðavík	4.136	1.453	35,1	40	229	6.346,5
4901	Djúpvík	73	25	35,0	41	104	244,9
7611	Fáskrúðsfjörður	4.905	1.672	34,1	42	737	2.269,3
7703	Höfn	13.798	4.593	33,3	43	1.732	2.652,1
3709	Grundarfjörður	6.917	2.296	33,2	44	901	2.548,5
8703	Eyrbakkj	497	155	31,2	45	550	281,5
8702	Stokkseyri	1.636	484	29,6	46	534	906,5
2400	Njarðvík	672	197	29,3	47	2.567	76,6
6000	Akureyri	27.446	7.813	28,5	48	14.799	527,9
6707	Þórshöfn	3.305	935	28,3	49	431	2.169,8
1400	Hafnarfjörður	12.120	3.396	28,0	50	16.787	202,3

6100	Húsavík	7.630	2.096	27,5	51	2.504	837,2	44
3711	Stykkishólmur	4.641	1.266	27,3	52	1.266	1.000,2	40
8717	Þorlákshófn	11.751	3.188	27,1	53	1.607	1.983,8	22
2506	Vogar	1.838	498	27,1	54	689	722,4	47
2200	Keflavík	11.440	3.084	27,0	55	7.581	406,8	52
4606	Bíkdudalur	1.525	406	26,6	56	341	1.189,2	38
7100	Neskaupstaður	10.709	2.724	25,4	57	1.619	1.682,6	27
5504	Hvammstangi	475	115	24,2	58	690	166,8	58
2300	Grindavík	23.598	5.409	22,9	59	2.156	2.508,9	15
6702	Kópasker	121	27	22,8	60	387	71,0	60
2503	Sandgerði	7.649	1.656	21,6	61	1.315	1.259,0	36
8100	Selfoss,	690	149	21,6	62	4.051	36,8	62
7200	Eskifjörður	7.117	1.529	21,5	63	1.055	1.449,4	32
3000	Akranes	14.688	3.060	20,8	64	5.227	585,3	50
4902	Dranganes	498	103	20,7	65	159	649,6	48
8000	Vestmannaeyjar	38.926	7.782	20,0	66	4.883	1.593,6	30
0	Reykjavík	32.408	5.625	17,4	67	101.855	55,2	61
5604	Blönduós	2.302	298	13,0	68	1.052	283,7	54
4601	Brjánslækur	700	76	10,8	69	128	591,7	49
		362.528	106.771	29,5		227.337	469,7	







Kvótaúthlutun 1993/94								
	Raðað eftir kíló af þorski á lbúa							
	Staður	Plg	Þorskur	Þorskur %	Róð	lbúar	Þorskur kg /lbúa	
4803	Súðavík	4.136	1.453	35,1	40	229	6.346,5	1
6504	Hrísey	3.051	1.112	36,4	37	263	4.227,0	2
5609	Skagaströnd	6.947	2.530	36,4	38	685	3.693,8	3
6501	Grímsey	652	396	60,7	12	116	3.409,5	4
3706	Hellissandur/Rif	3.817	2.060	54,0	16	618	3.333,7	5
6705	Raufarhöfn	2.096	1.141	54,5	15	382	2.988,0	6
6200	Ólafsfjörður	9.218	3.423	37,1	31	1.185	2.888,6	7
4604	Tálknafjörður	2.030	1.056	52,0	17	368	2.869,1	8
4702	Þingeyri	3.705	1.411	38,1	29	499	2.828,5	9
3200	Ólafsvík	7.428	3.155	42,5	23	1.123	2.809,7	10
7501	Bakkafjörður	621	367	59,0	13	134	2.736,0	11
7703	Höfn	13.798	4.593	33,3	43	1.732	2.652,1	12
6505	Ársskógssandur	2.255	1.010	44,8	22	382	2.644,9	13
3709	Grundarfjörður	6.917	2.296	33,2	44	901	2.548,5	14
2300	Grindavík	23.598	5.409	22,9	59	2.156	2.508,9	15
7611	Fáskrúðsfjörður	4.905	1.672	34,1	42	737	2.269,3	16
4705	Flateyri	1.973	828	42,0	24	372	2.225,6	17
6602	Grenivík	1.858	870	46,8	20	399	2.180,3	18
6707	Þórshöfn	3.305	935	28,3	49	431	2.169,8	19
4904	Hólmavík	2.758	1.019	36,9	32	499	2.042,0	20
7613	Breiðdalsvík	1.647	659	40,0	28	332	1.984,4	21
8717	Þorlákshöfn	11.751	3.188	27,1	53	1.607	1.983,8	22
4603	Patreksfjörður	2.674	1.722	64,4	9	901	1.911,5	23
7612	Stöðvarfjörður	1.399	571	40,9	25	318	1.797,0	24
6300	Dalvík	7.335	2.702	36,8	33	1.534	1.761,6	25
7000	Seyðisfjörður	2.927	1.478	50,5	19	878	1.683,0	26
7100	Neskaupstaður	10.709	2.724	25,4	57	1.619	1.682,6	27
4100	Bolungarvík	5.166	1.933	37,4	30	1.176	1.643,9	28
4000	Ísafjörður	15.563	5.725	36,8	35	3.511	1.630,7	29
8000	Vestmannaeyjar	38.926	7.782	20,0	66	4.883	1.593,6	30
7615	Djúpivogur	1.980	921	46,5	21	591	1.558,0	31
7200	Eskifjörður	7.117	1.529	21,5	63	1.055	1.449,4	32
5000	Síglufjörður	6.832	2.515	36,8	34	1.784	1.409,5	33
7502	Vopnafjörður	2.385	1.205	50,5	18	886	1.359,5	34
7605	Mjólfjörður	65	44	68,5	7	34	1.303,0	35
2503	Sandgerði	7.649	1.656	21,6	61	1.315	1.259,0	36
3705	Amarstapi	76	67	88,3	5	56	1.204,4	37
4606	Bíldudalur	1.525	406	26,6	56	341	1.189,2	38
2504	Garður	2.917	1.173	40,2	27	1.110	1.057,2	39
3711	Stykkishólmur	4.641	1.266	27,3	52	1.266	1.000,2	40
7509	Borgarfjörður ey	254	177	69,8	6	189	937,3	41
8702	Stokkseyri	1.636	484	29,6	46	534	906,5	42
4706	Suðureyri	491	309	63,0	10	346	893,8	43
6100	Húsavík	7.630	2.096	27,5	51	2.504	837,2	44
5100	Sauðárkrúkur	6.196	2.245	36,2	39	2.710	828,3	45
7609	Reyðarfjörður	1.317	530	40,2	26	720	736,4	46
2506	Vogar	1.838	498	27,1	54	689	722,4	47
4902	Drangsnes	498	103	20,7	65	159	649,6	48
4601	Brjánslækur	700	76	10,8	69	128	591,7	49
3000	Akranes	14.688	3.060	20,8	64	5.227	585,3	50







6000	Akureyri	27.446	7.813	28,5	48	14.799	527,9	51
2200	Keflavík	11.440	3.084	27,0	55	7.581	406,8	52
5710	Hofsós	214	118	55,4	14	406	291,7	53
5604	Blönduós	2.302	298	13,0	68	1.052	283,7	54
8703	Eyrarbakki	497	155	31,2	45	550	281,5	55
4901	Djúpavík	73	25	35,0	41	104	244,9	56
1400	Hafnarfjörður	12.120	3.396	28,0	50	16.787	202,3	57
5504	Hvammstangi	475	115	24,2	58	690	166,8	58
2400	Njarðvík	672	197	29,3	47	2.567	76,6	59
6702	Kópasker	121	27	22,8	60	387	71,0	60
0	Reykjavík	32.408	5.625	17,4	67	101.855	55,2	61
8100	Selfoss,	690	149	21,6	62	4.051	36,8	62
6506	Hjalteyri	6	5	94,0	4	226	24,2	63
6601	Svalbarðsströnd	6	6	98,0	3	330	17,0	64
4502	Reykholahreppur	5	4	67,7	8	340	10,9	65
1000	Kópavogur	440	162	36,8	36	17.176	9,4	66
1100	Seltjarnarnes	13	8	61,6	11	4.437	1,8	67
8508	Vík	0	0	100,0	1	594	0,1	68
3606	Borgarnes	0	0	100,0	2	1.791	0,0	69
		362.528	106.771	29,5		227.337	469,7	







Fylgiskjal V.







Byggðastofnun:







Hlutur þorsks í bolfiskafli eftir vinnslustöðvum árin 1983-1992.
(6. apríl 1994.)








































































Fylgiskjal VI.

Byggðastofnun:

Ástand og horfur í atvinnumálum á Vestfjörðum. (Mars 1994.)

1 Inngangur

Byggðastofnun hefur um nokkurt skeið haft verulegar áhyggjur af þróun atvinnamála á Vestfjörðum m.a. vegna samdráttar í þorskafla á undanförmum árum. Á síðasta hausti fól stjórn stofnunarinnar starfsmönnum að gera greinargerð um stöðu mála á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar hefur stofnunin orðið að grípa inn í þróun mála á undanförmum mánuðum og árum með aðgerðum sem henni eru áhættusamar.

Forsætisráðuneytið fór þess síðan á leit við stofnunina með bréfi þann 20. október 1993 að hún gerði athugun á ástandi og horfum í atvinnumálum á öllum Vestfjörðum með sérstöku tilliti til sjávarútvegs. Með bréfi til forsætisráðherra þann 16. nóvember 1993 komu fram sjónarmið stjórnar stofnunarinnar. Ríkisstjórnin ræddi svar Byggðastofnunar og ákvað að fjórir ráðherrar tilnefndu hver sinn fulltrúa til að vinna að verkinu með starfsmönnum Byggðastofnunar. Jafnframt var rætt við viðskiptabankana um að aðstoða þennan hóp við öflun gagna. Áður en rætt væri um hugsanlegar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins var talið nauðsynlegt að fyrir lægju betri upplýsingar um stöðu mála á Vestfjörðum og þá sérstaklega um áhrif samdráttar í þorskafla á atvinnulíf á Vestfjörðum. Þessari úttekt er ætlað að svara að hluta þeim spurningum og vera grundvöllur umræðu um hugsanlegar aðgerðir stjórnvalda.

2 Helstu ályktanir

- 1 Vandi sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum liggur einkum í því að aflaheimildir kjördæmisins hafa dregist saman um 29% á síðustu tveimur árum (frá 1. september 1991 til 1. september 1993) en um 12-17% í öðrum kjördæmum. Skýringin á því er sú að stjórnvöld hafa talið nauðsynlegt að grípa til aukinna friðunaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegt hrun þorsstofnsins og til að byggja hann upp. Því hefur á tveimur árum orðið 46% samdráttur í þorskveiðiheimildum sem Vestfirðingar hafa byggt mest á. Sú aukning sem orðið hefur í öðrum tegundum nýttist Vestfirðingum verr. Þess ber að geta að stjórnvöld hafa að hluta mætt minnkun þorskveiðiheimilda með því að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs einvörðungu til þeirra sem orðið hafa fyrir mestum samdrætti í aflaheimildum. Sé tekið tillit til þess hefur samdrátturinn á Vestfjörðum verið 25% á síðustu tveimur árum en 10-15% í öðrum kjördæmum.

Þótt önnur kjördæmi sem heild hafi orðið fyrir minni samdrætti í aflaheimildum en Vestfirðir hafa einstakir bátar og staðir utan Vestfjarða orðið fyrir miklum samdrætti og því er víða vandi í sjávarútvegi.


- 2 Samkvæmt úrtaki Þjóðhagsstofnunar úr ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum fyrir árið 1992 var afkoma þeirra um 2% verri en landsmeðaltalið og bókfærð eiginfjárstaða sú sama og landsmeðaltalið. Þess ber þó að geta að í úrtakinu eru ekki nokkur stór fyrirtæki sem voru í miklum fjárhagslegum þrengingum á þeim tíma. Úrtakið gefur því full jákvæða mynd af raunverulegri stöðu. Í tölum fyrir 1992 er ekki fram kominn samdráttur á aflaheimildum í tvígang sem veldur miklu um þann vanda sem nú er við að glíma. Staða nokkurra fyrirtækja er slæm og horfur dökkar þegarúið verður að veiða leyfilegan þorskafla í vor. Afleiðingar gjaldþrots getur verið missir meginhluta aflaheimilda frá viðkomandi stað.
- 3 Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um 8% á síðustu 10 árum sem er mun meiri fækkun en í öðrum landshlutum. Atvinnuleysi hefur verið mun minna á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum sem skýrist að hluta af því að erlendu og innlendu farandverkafólki hefur fækkað mjög á síðustu árum. Meðaltekjur ársins 1992 voru hærri á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Skýringin liggur meðal annars í herra hlutfalli sjómanna á Vestfjörðum en tekjur þeirra eru nú að dragast saman vegna samdráttar í afla.
- 4 Atvinnulíf á Vestfjörðum er einhæfara en í öðrum landshlutum og byggist að mestu á sjávarútvegi og tengdri þjónustu. Hlutfall sjávarútvegs af ársverkum á Vestfjörðum 1991 var 37% sem er mun herra hlutfall en í öðrum kjördæmum. Iðnaður, verslun og önnur þjónusta hafa orðið fyrir vaxandi áföllum vegna samdráttarins í sjávarútvegi. Mikill samdráttur hefur einnig orðið í landbúnaði. M.a. vegna landfræðilegra fjarlægða eru möguleikar á að byggja upp annan atvinnurekstur takmarkaðir. Vestfirðir hafa með Austurlandi nokkra sérstöðu vegna fjarlægðar frá þjónustunni á höfuðborgarsvæðinu.
- 5 Fjárhagsstaða margra þéttbýlissveitarfélaga á Vestfjörðum er slæm, m.a. vegna stuðnings við atvinnurekstur á undanföllum árum. Viðræður um sameiningar sveitarfélaga eru í gangi bæði á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum. Fjárhagsstaðan er þar þroskuldur í sumum tilvikum. Miklar samgönguframkvæmdir á undanföllum árum munu gjörbreyta samstarfsmöguleikum sveitarfélaga og fyrirtækja.

3 Þróun byggðar og núverandi ástand

Íbúapróun


Íbúapróun á Vestfjörðum undanfarna tvo áratugi er sýnd á mynd 1. Íbúafjöldi kjördæmisins náði hámarki í byrjun níunda áratugarins en síðan hefur íbúum fækkað. Í engum öðrum landshluta hefur þróun íbúafjölda orðið eins neikvæð á undanförunum árum og á Vestfjörðum. Það sést á mynd 2.

Mynd 1 Íbúapróun á Vestfjörðum 1971-1993



Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar


Mynd 2 Hlutfallsleg breyting íbúafjölda í landshlutum 1983-1993



Heimild: Gagnabrunnur Byggðastofnunar

Mynd 2 sýnir sérstöðu byggðapróunar á Vestfjörðum. Í engu öðru kjördæmi er fækkun íbúa nálægt því eins mikil og þar. Á mynd 1 og mynd 3 sést að fækkun íbúa er mismunandi eftir svæðum innan Vestfjarða. Mynd 3 sýnir dreifingu búsetu um fjórðunginn ásamt íbúaþróun í einstökum sveitarfélögum á undanförmum 10 árum. Íbúum hefur fjölgað í þremur sveitarfélögum á svæðinu á þessum 10 árum: Í Hólmavík hefur íbúum fjölgað verulega, í Rauðasandshreppi hefur fjölgað og á Ísafirði hefur íbúum fjölgað nokkuð. Annars staðar hefur fólki fækkað og sums staðar verulega. Mest er fækkunin í Inn-Djúpi þar sem íbúum hefur fækkað um helming á einum áratug. Vítast annars staðar í sveitum hefur fólki fækkað um fimmtung til fjórðung á þessu tímabili. Í þéttbýli fækkar íbúum mest á Flateyri og Suðureyri en annars staðar minna.


Mynd 3 Búseta og búsetuþróun á Vestfjörðum 1983-1993



Heimild: Gagnabrunnur Bygðastofnunar

Ein meginástæða fyrir mismunandi fólksfjölgun eru búerlaflutningar innanlands. Á mynd 4 sést hvert umfang þessara flutninga hefur verið í einstökum landshlutum á undanförmum 5 árum.


Mynd 4 Búerlaflutningar innanlands eftir landshlutum 1988-1992



Heimild: Gagnabrunnur Bygðastofnunar

Á mynd 5 sést hvernig þessi þróun hefur komið við einstaka þéttbýlisstaði og svæði innan Vestfjarða. Hólmavík er eini staðurinn þar sem fleiri hafa flutt að en burt.

Mynd 5 Búerlaflutningar á Vestfjörðum 1989-1993
Nettóflutningar á tímabilinu sem hlutfall af íbúafjölda í upphafi þess




Heimild: Gagnabrunnur Bygðastofnunar

Atvinnulíf

Atvinnulíf Vestfirðinga er fábreytt miðað við aðra landshluta. Hluttur sjávarútvegs er yfirgnæfandi. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hver hluttur sjávarútvegs var eftir landshlutum árið 1990 en það eru nýjustu upplýsingar sem til eru um atvinnuskiptingu.


Mynd 6 Hluttur sjávarútvegs í atvinnulífi einstakra landsvæða 1991



Heimild: Gagnabrunnur Byggingastofnunar


Þessar tölur eru ekki nýjar en ekki er líklegt að miklar breytingar hafi orðið síðan á mikilvægi einstakra atvinnugreina þegar horft er til heilla landshluta. Sérstaða Vestfjarða er augljós þar sem meira en þriðji hver vinnandi maður starfar við sjávarútveg. Það er einungis á Austurlandi þar sem hlutfall sjávarútvegs nálgast hið vestfirska. Þó eru að sjálfsögðu einstakir staðir um land allt jafnháðir sjávarútvegi eins og staðir þar. Í öðrum landshlutum eru hins vegar aðrar atvinnugreinar sem auka fjölbreytnina, t.d. landbúnaður, iðnaður og sérstaklega þjónusta en hún er víðast meiri en á Vestfjörðum. Mynd 7 sýnir hver hluttur sjávarútvegs er á einstökum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum. Hann er hvergi lægri en þriðjungur og nær allt að tveimur þriðju.

Mynd 7 Hluttur sjávarútvegs í atvinnulífi þéttbýlisstaða á Vestfjörðum 1991



Hluttur þjónustu í atvinnulífi Vestfirðinga er lægri en annars staðar á landinu. Innan við 40 af hundraði Vestfirðinga vann við slík störf árið 1991.

Mynd 8 Hluttur þjónustu í atvinnulífi einstakra landsvæða 1991




Heimild: Gagnabrunnur Bygðastofnunar

Atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur aukist mjög á landinu á undanförunum árum. Á Vestfjörðum hefur það þó verið tiltölulega lítið. Raunar hefur atvinnulíf Vestfirðinga löngum einkenst af umframfirtspurn eftir vinnuafli sem hefur verið leyst með farandverkafólki, innlendu en þó einkum erlendu. Á síðustu misserum hefur mjög dregið úr þessu. Um áramótin höfðu 90 útlendingar atvinnuleysi á Vestfjörðum og hluti þeirra gæti verið farinn af landi brott. Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla er sýnt á mynd 9. Það var mest á Suðurnesjum og Norðurlandi eystra en langminnst á Vestfjörðum.

Mynd 9 Atvinnuleysi 1993 sem hlutfall af mannafla




Heimild: Vinnuáskrástofa félagsmálaráðuneytisins

Tekjur

Tekjur á Vestfjörðum eru mjög háar miðað við aðra landshluta. Það stafar af því að hlutfall sjómanna er hvergi hærra en þeir hafa mjög háar tekjur. Aftur á móti er landbúnaður mjög lágt hlutfall en bændur hafa lægstar tekjur allra stétta. Þá er atvinnuleysi mjög lítið eins og þegar er komið fram.

Mynd 10 Frávik meðaltekna frá landsmeðaltali eftir landsvæðum 1992




Heimild: Þjóðhagsstofnun

4 Sjávarútvegur


Þegar er komið fram að Vestfirðingar byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Samdráttur í þeirri atvinnugrein hefur því hlutfallslega meiri áhrif þar en í öðrum landshlutum. Þorskur er mikilvægasta fisktegundin á Vestfjörðum, eins og annars staðar á landinu. Vægi þorsks er óvíða meira en þar. Á mynd 11 er sýnt hver hlutur þorsks var í aflaverðmæti eftir landshlutum árin 1988 og 1992. Hlutdeildin er hæst á Vesturlandi og Vestfjörðum en hún hefur minnkað mest á Norðurlandi vestra.

Mynd 11 Hlutur þorsks í aflaverðmæti eftir landsvæðum 1988 og 1992



Heimild: Fiskifélag Íslands

Mynd 12 Þorskaflí eftir landsvæðum 1988 og 1992 - tonn upp úr sjó




Heimild: Fiskifélag Íslands

Á mynd 12 kemur fram hver breyting hefur orðið á aflamagni þorsks milli ára 1988 og 1992. Þar sést að veitt magn hefur dregist mest saman á Norðurlandi eystra og

Austurlandi en minnst á Suðurnesjum. Á mynd 13 er sýnt hvernig þessi breyting er á einstökum stöðum á Vestfjörðum fyrir sama tímabil. Samdrátturinn er mestur á Suðureyri en minnstur á Patreksfirði og Ísafirði.

Mynd 13 Þorskaflí eftir heimahöfn 1988 og 1992, tonn upp úr sjó



Heimild: Fiskifélag Íslands

Tafla 1 Ráðstöfun bolfiskafli til vinnslu eftir umdæmum Fiskifélags Íslands 1988 og 1992 - tonn

Umdæmi	Þorskur			Annar bolfiskur			Bolfiskafli alls		
	1988	1992	Breyting %	1988	1992	Breyting %	1988	1992	Breyting %
Suðurland	23,720	17,908	-24.5	42,878	34,195	-20.3	66,598	52,103	-21.8
Reykjanes	68,029	71,826	5.6	88,967	92,233	3.7	156,996	164,059	4.5
Vesturland	36,221	19,542	-46.0	20,609	19,275	-6.5	56,830	38,817	-31.7
Vestfirðir	46,009	39,724	-13.7	28,312	25,421	-10.2	74,321	65,145	-12.3
Norðurland vestra	31,281	22,680	-27.5	12,844	12,267	-4.5	44,125	34,947	-20.8
Norðurland eystra	77,840	51,701	-33.6	37,900	49,449	30.5	115,740	101,150	-12.6
Austurland	46,294	29,007	-37.3	23,324	26,571	13.9	69,618	55,578	-20.2
Erlendis	46,428	14,296	-69.2	67,172	58,393	-13.1	113,600	72,689	-36.0
Alls	375,822	266,684	-29.0	322,006	317,804	-1.3	697,828	584,488	-16.2


Heimild: Fiskifélag Íslands

Þessi tafla sýnir hvernig afla hefur verið ráðstafað til vinnslu eftir landsvæðum á þeim tveimur árum sem hún sýnir. Vestfirðingar unnu úr 46 þúsund tonnum af þorski árið 1988 en tæplega 40 þúsund tonnum árið 1992. Samdráttur í magni er 13,7%. Samdráttur er mestur í ráðstöfun til vinnslu erlendis en magnið hefur dregist saman um 29% fyrir landið allt. Þetta er að hluta til skýring á því að afli til vinnslu hefur sums staðar ekki minnkað eins og aflamagnið. Aukning varð á þorski sem fór til vinnslu á Reykjanesi (þ.m.t. Reykjavík). Vestfirskar vinnslustöðvar unnu úr rúmlega 28 þúsund tonnum af öðrum bolfiski árið 1988 en 25,4 þúsund tonnum árið 1992. Þetta er samdráttur um 10,2%, meðan afli á öðrum bolfiski stendur nánast í stað fyrir landið allt.

Ekki er einhlítt að bera saman aflaheimildir og veiði eða ráðstöfun afla. Veiðiheimildir má að hluta til flytja milli ára; þær ganga kaupum og sölum milli landshluta; sala erlendis rýrir úthlutun þeirra; undirmálsfiskur telst ekki með nema að hluta; Ífnufiskur telst ekki með nema að hálfu fjóra mánuði á ári og afli krókabáta er utan við aflamarksúthlutun. Þá er fiskveiðiárið ekki það sama og almanaksárið en allar upplýsingar um veiði og ráðstöfun afla eru á grundvelli almanaksársins.

Veiðiheimildir til þorskveiða undanfarin 3 fiskveiðiár eru sýndar á mynd 14. Um er að ræða upphaflega úthlutun veiðiheimilda í upphafi fiskveiðiárs. Myndin sýnir úthlutaðan kvóta margfaldaðan með 1,25 til þess að auðvelda samanburð við aflatölur. Samdrátturinn er mestur á Norðurlandi eystra og Vestfjörðum.


Mynd 14 Þorskveiðiheimildir 1991-1994 - tonn upp úr sjó



Heimild: Fiskistofa

Á mynd 15 er hlutdeild einstakra kjördæma til bolffiskveiða sýnd. Það vekur athygli hversu mjög hlutdeild Vestfirðinga af heildarbolffiskveiðiheimildum hefur dregist saman.


Mynd 15 Hlutdeild landsvæða af bolffiskveiðiheimildum 1991-1994



Heimild: Fiskistofa

Á mynd 16 eru á sama hátt og á mynd 14 sýndar heildarveiðiheimildir til hvers landshluta, mælt í þorskígildum eins og sjávarútvegsráðuneytið mælir jafngildi tegunda á hverjum tíma. Hér er um úthlutaðan kvóta að ræða. Þorskígildi mælir ekki jafngildi tegunda í verðmæti eða framlegð á hverjum tíma. Til dæmis hefur verið á rækjukvóta verið mun lægra en sem nemur mati á rækju í þorskígildum. Þetta breytir þó ekki hlutfallslegum samdrætti veiðiheimilda milli landshluta.


Mynd 16 Allar veiðiheimildir 1991-1994 - þorskígildistonn



Heimild: Fiskistofa

Ef litið er til þess hvernig þessar veiðiheimildir hafa verið að breytast má sjá eftirfarandi niðurstöðu: Samdrátturinn er langmestur á Vestfjörðum, en á öllum landshlutum hefur orðið samdráttur nema á Austfjörðum. Þar varð aukning á yfirstandandi fiskveiðirári frá fyrra ári. Veiðiheimildir Austfirðinga eru þó minni en þær voru fyrir tveimur árum.

Mynd 17 Hlutfallslegur samdráttur allra veiðiheimilda frá 91/92 til 93/94



Heimild: Fiskistofa

Svo kölluð línutvöföldun hefur þau áhrif að úthlutaður kvóti nýtist betur. Þar sem línuveiði er mikil getur þetta skipt máli á heildina litið. Miðað við veiðina 1992 er áætlað

að línutvöföldun jafngildi rúmlega 2.200 þorskígildistonnum fyrir Vestfirðinga. Það er 3,8% viðbót við úthlutaðar aflaheimildir.

Í töflu 2 er sýnt hvaða breytingar hafa orðið á veiðiheimildum undanfarin tvö fiskveiði-ár eftir fisktegunum. Á þessum tíma hefur heildarúthlutun veiðiheimilda á landinu dregist saman um 16% en um tæplega 30% á Vestfjörðum. Samdrátturinn er að sjálfsögðu mestur í þorski eins og þegar er komið fram. Næst mestur er samdráttur í veiði á innfjarðarækju, 28% fyrir landið allt. Hann er þó mjög mismunandi eftir veiðisvæðum.

Aukning hefur orðið á veiðiheimildum nokkurra fisktegunda. Þar á meðal eru úthafs-rækja og ýsa með yfir fjórðungs aukningu.


Tafla 2 Samsetning veiðiheimilda Vestfirðinga og hlutfallsleg breyting á þeim

<i>Tegund</i>	<i>91/92</i>	<i>93/94</i>	<i>% breyting</i>	<i>á landinu</i>
Þorskur	32.058	16.071	-49,7	-46
Ýsa	4.082	4.780	17,1	28
Ufsi	4.678	4.530	-3,2	9
Karfi	7.149	6.352	-11,1	-4
Grálúða	5.560	6.075	9,3	15
Skarkoli	989	1.112	12,4	13
Síld	3.456	1		-9
Loðna	18.700	0		-5
Humar	20	9	-55,0	14
Innfjarðarækja	4.388	2.915	-33,6	-28
Úthafs-rækja	5.449	6.275	15,2	29
Skel	853	1.361	60,0	-6
Þorskígildi	57.910	41.299	-28,7	-15

Veiðiheimildir hinna ýmsu fisktegunda hafa breyst ýmist til lækkunar eða hækkunar eftir því hvernig varanlegar heimildir hafa verið seldar og þess hvernig veiðar á þeim hafa breyst samtals fyrir landið allt. Mismunur á þróuninni fyrir landið allt og raun-tölunum sem sýndar eru í töflunni fyrir Vestfirði eru vísbending um viðskipti með varanlegar veiðiheimildir og/eða skip.


Hlutdeild þorsks í veiðiheimildum einstakra landshluta er misjafnlega mikil og það hefur meðal annars áhrif á það hver áhrif niðurskurðar á þorskveiðiheimildum er á hverju svæði. Mynd 18 sýnir hlutdeild þorsks í veiðiheimildum eftir landshlutum. Hún er hæst á Vestfjörðum. Vegna þess að niðurskurður veiðiheimilda hefur verið mest í þorski og minni í öðrum tegundum kemur samdráttur harðast niður á Vestfirðingum eins og sjá mátti á mynd 17.

Mynd 18 Hluttur þorsks í öllum veiðiheimildum 1993/94 í þorskígildum



Tegundir sem ekki er stjórnað með aflamarki eru mismunandi mikilvægar eftir landshlutum. Mynd 19 sýnir hver hluttur utankvótategunda var í veiði eftir kjördæmum árið 1992. Hlutfallið er mælt í aflaverðmæti.

Mynd 19 Hluttur utankvótategunda í heildaraflaverðmæti eftir kjördæmum 1992



Heimild: Útvegur

Hluttur utankvótategunda er mestur á Suðurlandi en þar er mikið veitt af flatfiskegundum sem ekki eru háðar aflamarki. Hluttur utankvótategunda er 8% á Vestfirðum og er steinbítur mikilvægastur þeirra.

Í töflu 3 eru sýndar veiðiheimildir til einstakra landsvæða fyrir 3 síðustu fiskveiðiár. Þegar einstök landsvæði eru skoðuð kemur í ljós meiri munur en þegar litið er til heilla kjördæma. Á síðustu 3 árum hefur samdráttur veiðiheimilda verið mestur í V-Húnavatnssýslu, 73%. Stafar það aðallega af sölu skipa og helmings minnkun veiðiheimilda í Húnaflóarækju. Næstmestur er samdráttur í V-Barðastrandasýslu 44%, og því næst í Strandasýslu. Á öllum þessum svæðum hafa farið burt skip með umtalsverðum kvóta. Á einu landsvæði hefur kvóti aukist á þessu tímabili, um 7% í Norðfirði. Samtals er samdráttur veiðiheimilda 15% fyrir landið allt.

Sé litið til breytinga milli tveggja síðustu fiskveiði ára má af töflunni sjá að samdráttur er 6% fyrir landið allt. Samdrátturinn er mestur á sömu svæðum og áður er getið. Aukning á kvóta var á 7 landsvæðum.

Síðustu tveir dálkar töflunnar sýna úthlutun Hagræðingarsjóðs vegna yfirstandandi fiskveiðiárs. Heildarúthlutun er 3,3% af aflaheimildum ársins 1992/1993. Úthlutunin bætir mestu við í V-Húnavatnssýslu, vegna þess hversu miklu máli samdráttur í innfjarðarrækju skiptir í veiðiheimild svæðisins. Mynd 20 sýnir helstu niðurstöðu töflunnar á korti.


Tafla 3 Aflaheimildir 1991-1994 eftir landsvæðum

Landsvæði	kvóti 91/92	kvóti 92/93	kvóti 93/94	%	%	Úthlutun	Breyting
	þorskígildis- tonn	þorskígildis- tonn	þorskígildis- tonn	breyting 91-93	breyting 92-93	Hagsrj.93 % af 92-93	92-93 Hagsrj. með
Höfuðborgarsvæði	52.249	49.496	44.981	-14%	-9%	2,9%	-6%
Suðurnes	52.939	46.582	48.113	-9%	3%	2,3%	6%
Akranessvæði	14.898	13.379	14.688	-1%	10%	3,0%	13%
Snæfellsnes	28.081	25.336	22.878	-19%	-10%	4,1%	-6%
V-Bárðastrandsýsla	12.300	10.744	6.930	-44%	-36%	6,7%	-31%
Ísafjarðarsvæði	40.195	36.255	31.034	-23%	-14%	4,3%	-11%
Strandasýsla	5.401	5.123	3.329	-38%	-35%	7,0%	-30%
V-Húnavatnssýsla	1.765	1.802	475	-73%	-74%	15,3%	-70%
A-Húnavatnssýsla	9.674	9.092	9.249	-4%	2%	4,4%	6%
Skagafjörður	7.338	6.872	6.410	-13%	-7%	9,2%	2%
Siglufjörður	8.740	7.796	6.832	-22%	-12%	3,5%	-9%
Eyjafjörður	61.263	55.756	51.826	-15%	-7%	3,0%	-4%
Húsavíkarsvæði	9.200	7.651	7.630	-17%	0%	2,3%	2%
N-Þingeyjarsvæði	5.666	4.872	5.521	-3%	13%	5,0%	19%
Vopnafjarðarsvæði	4.096	3.555	3.006	-27%	-15%	7,3%	-9%
Miðmúlasvæði	4.728	4.088	3.181	-33%	-22%	7,2%	-17%
Norðfjarðarsvæði	10.076	8.482	10.774	7%	27%	2,3%	30%
Reyðarfjarðarsvæði	17.490	14.716	13.340	-24%	-9%	3,7%	-6%
Suðurlirðir Austfjarða	5.762	5.316	5.026	-13%	-5%	5,4%	0%
A-Skaftafellssýsla	14.869	13.938	13.798	-7%	-1%	2,6%	2%
Vestmannaeyjar	40.780	37.103	38.926	-5%	5%	1,4%	6%
Árnessýsla og Selfoss	16.886	16.481	14.573	-14%	-12%	2,1%	-10%
Önnur svæði	28	25	6	-80%	-77%	0,0%	0%
	424.424	384.461	362.528	-15%	-6%	3,3%	-3%

Heimild: Fiskistofa

Einungis er sundurgreint milli landsvæða þar sem kvóti 93/94 er yfir 10 tonn

Mynd 20 Hlutfallsleg breyting aflaheimilda í þorskígildum 1992/93 til 1993/4 og viðbót Hagræðingarsjóðs



Fjárhagur og afkoma

Útgerð á Vestfjörðum einkennist af hefðbundinni ísfisktogarútgerð á norðursvæðin en suðursvæðið byggir á bátáutgerð. Í fiskvinnslu er frysting ríkjandi á norðursvæðinu en á suðursvæðinu ber meira á saltfiskverkun. Rækjuvinnsla vegur einnig þungt enda voru Vestfirðingar frumkvöðlar í veiðum og vinnslu á innfjarðarækju. Ein rækjuverksmiðja starfandi við Arnarfjörð og 6 verksmiðjur við Ísafjarðardjúp. Tvær verksmiðjur eru við Steingrímsfjörð og þar vegur rækjan þungst í sjávarútvegi. Mestur hluti hráefnisins er nú úthafsækja en veiðar hér við land hafa á innan við 10 árum farið úr nánast engu í 30-40.000 tonn. Loðnuverksmiðja er rekin í Bolungarvík. Frystitogarar eru 3.

Mikil áföll hafa orðið í sjávarútvegi á Vestfjörðum á síðustu 2-3 árum. Fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota eða neyðst til að selja frá sér aflaheimildir. Í mörgum tilvikum hafa aflaheimildirnar þó ekki farið úr kjördæminu að minnsta kosti enn sem komið er. Eftirfarandi er stutt yfirlit yfir helstu breytingar á síðustu 2-3 árum.

Á Bldudal varð helsta sjávarútvegsfyrirtæki staðarins gjaldþrota á síðasta ári. Togari félagsins var seldur til Grundarfjarðar en bátur til Ísafjarðar. Nýtt félag heimamanna keypti frystihúsið og minni bát frá Ólafsfirði. Á Þingeyri var öðrum togaranum breytt í frystitogara á síðasta ári en hinn togarinn var seldur til Ísafjarðar. Eini togari Flateyrar var seldur til Ísafjarðar á síðasta ári en bátur keyptur í staðinn. Stofnað var til kúfiskvinnslu á staðnum. Undir lok ársins hættu eigendur frystihússins rekstri þess en minna fiskvinnslufyrirtæki á staðnum tók við rekstrinum tímabundið með aðstoð sveitar-

félagsins. Sjávarútvegsfyrirtæki á Ísafirði og Súðavík keyptu meirihluta í helsta sjávarútvegsfyrirtæki Suðureyrar fyrir þremur árum. Togari félagsins var seldur burt án aflaheimilda en aflaheimildunum var komið fyrir á skipum í eigu kaupanda.


Stærsta gjaldþrotið varð í byrjun síðasta árs í Bolungarvík. Engar aflaheimildir hafa þó farið af staðnum. Þrjú ný félög heimamanna voru stofnuð. Eitt keypti frystihúsið og rækjuverksmiðjuna, annað keypti togarana tvo og það þriðja loðnuverksmiðjuna. Þrjár af fjórum rækjuverksmiðjum á Ísafirði/Hnífsdal urðu gjaldþrota á síðustu tveimur árum. Félag með aðild Íslandsbanka keypti tvær þeirra og sameinaði reksturinn. Nýtt fyrirtæki var einnig stofnað um rekstur þeirrar þriðju sem hefur reyndar orðið þrisvar sinnum gjaldþrota á ekki löngum tíma. Rækjufrystiskip var selt burt frá Hólmavík fyrir rúmu ári.

Fjárhagsstaða og rekstur 1992

Nýjustu heildstæðu upplýsingar um fjárhag sjávarútvegsfyrirtækja eru fyrir árið 1992 frá Þjóðhagsstofnun. Þjóðhagsstofnun skiptir sinni úrvinnslu niður á kjördæmi en í úrtakinu fyrir Vestfirði vantar nokkur fyrirtæki sem voru í miklum fjárhagsvandræðum á árinu 1992. Úrtakið dregur því líklega upp frekar jákvæða mynd af stöðunni á Vestfjörðum miðað við aðra landshluta.

Á mynd 21 kemur fram tekjusamsetning fiskvinnslu á Vestfjörðum og kemur þar skýrt fram að frysting og rækjuvinnsla eru mikilvægustu vinnslugreinarnar með samanlagt yfir 90% tekna.


Mynd 21 Tekjusamsetning vinnslu



Heimild: Þjóðhagsstofnun

Á mynd 22 kemur fram tekjusamsetning útgerðar í úrtaki Þjóðhagsstofnunar. Þar kemur fram hve tekjur báta vega þungt í útgerðartekjum á Vestfjörðum. Togurum hefur fækkað á Vestfjörðum á síðustu árum, sérstaklega á suðursvæðinu.


Mynd 22 Tekjusamsetning útgerðar



Heimild: Þjóðhagsstofnun

Á mynd 23 má sjá að afkoma sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum var um 2 % slakari en landsmeðaltalið sé litið á framlegð 2 (verga hlutdeild fjármagns) og hreinan hagnað af reglulegri starfsemi.


Mynd 23 Framlegð 2 og hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja



Heimild: Þjóðhagsstofnun

Af mynd 24 má ráða að eiginfjárhlutfall vestfirsku fyrirtækjanna er það sama og landsmeðaltalið eða um 18%. Það skal þó ítrekað að í úrtakið vantar nokkur stærstu fjárhagsvandamálin. Nettóskuld fyrirtækja í úrtakinu er um 5,7 milljarðar kr. Nettóskuld stærri fyrirtækja sem ekki eru í úrtakinu er lauslega áætluð um 2,5 milljarðar kr. þannig að samanlagt er nettóskuld stærri sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum um 8,2 milljarðar króna. Lausafjárstaða fyrirtækja í úrtakinu er erfið, skammtíma-skuldur eru rúmum milljarði hærri en bókfært veltufé.

Mynd 24 Eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja



Heimild: Þjóðhagsstofnun

Framangreindar upplýsingar fyrir árið 1992 benda til þess að staða og afkoma sjávarútvegs á Vestfjörðum hafi verið nokkru lakari en á landinu í heild. Vandi fyrirtækjanna liggur þó frekar í því sem gerst hefur síðan. Skerðing aflaheimilda haustið 1992 er aðeins að litlu leyti komin inn í reikninga þess árs og skerðingin síðastliðið haust kemur að mestu fram á þessu ári. Auk þess var verðlækkunin á sjávarafurðum aðeins að hluta komin fram á árinu 1992.

Áætluð fjárhagsstaða og rekstur 1993 og 1994

Bygðastofnun óskaði eftir því við Þjóðhagsstofnun að hún framreiknaði rekstraruppgjör sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum með tilliti til rekstrarskilyrða nú og að teknu tilliti til þess samdráttar sem orðið hefur í aflaheimildum. Svar Þjóðhagsstofnunar fylgir hér með. Rétt er að taka fram að framreikningur Þjóðhagsstofnunar nær einungis til úrtaks stofnunarinnar úr ársreikningum 1992 en í það vantar nokkur fyrirtæki með erfiða stöðu eins og áður segir. Þá er þess að geta að samdráttur í þorskígildum hjá fyrirtækjum í úrtakinu var 20% frá 1. september 1991 til 1. september 1993. Samdrátturinn á Vestfjörðum í heild var hins vegar töluvert meiri eða 29%. Skýringin á þessum mismun er væntanlega sú að fyrirtækin í úrtakinu eru tiltölulega stór og togarar í eigu þeirra hafa notið aukningar í öðrum tegundum en þorski. Skerðing hjá bátum sem hafa stærri hluta aflaheimilda sinna í þorski hefur því orðið meiri.

Helstu niðurstöður Þjóðhagsstofnunar eru að áætlað er að eigið fé fyrirtækja í úrtakinu lækki úr 1,843 m.kr. í árslok 1992 niður í 1,001 m.kr. í árslok 1994. Rekstrartap í hlutfalli við tekjur er áætlað 6,6% 1993 og 4,8% 1994. Hér er miðað við venjulegt uppgjör ársreikninga en ef miðað er við svokallaða árgreiðsluaðferð Þjóðhagsstofnunar verður tapið töluvert minna þar sem áhrif gengisfellinga á fjárhag fyrirtækja eru reiknuð minni. Að öðru leyti vísast í svar Þjóðhagsstofnunar.

5 Landbúnaður

Hluttur landbúnaðar í atvinnulífi Vestfirðinga var 9% árið 1991. Uppistaða landbúnaðar á Vestfjörðum er sauðfjárrækt. Í Strandasýslu er hún nær einráð, kýr eru einungis á nokkrum bæjum syðst í sýslunni. Í N- og V- Ísafjarðarsýslu og A-Barðastrandarsýslu eru um 3/4 hlutar bústofns fé. Kýr eru stærstur hluti bústofns í V-Barðastrandarsýslu þar sem þær eru nær helmingur.

Búskapur með hefðbundinn búskap telst vera á 282 jörðum á yfirstandandi ári og hafði fækkað um rúmlega 12% frá 1991. Árið 1985 voru ábúðarjarðir á Vestfjörðum 357 og hefur þeim því fækkað um fimmtung frá þeim tíma.

Mikill samdráttur hefur orðið í hefðbundnum landbúnaði á undanförunum árum. Í töflu 4 er sýnt hvernig breytingar hafa orðið á framleiðslurétti í mjólkurframleiðslu. Samdrátturinn er meiri í sauðfjárrækt en mjólkurframleiðslu. Samdráttur bústofns á Vestfjörðum er nálægt meðaltali fyrir landið.

Bústofnsbreytingar á Vestfjörðum

Á mynd 25 sést að fjöldi sauðfjár á Vestfjörðum hefur minnkað um 18% frá 1988-1992. Fækkun þar er minni en á Vesturlandi og Suðurlandi, auk höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja. Á sama tímabili hefur kúm fækkað um 2% á Vestfjörðum en það er minna en í öðrum landshlutum.

Tafla 4 Virkur framleiðsluréttur 91-92 og greiðslumark 93-94 eftir landshlutum


	Kjöt 91-92 (ærgildi)	Mjólk 91-92 (ærgildi)	Samtals 91-92 (ærgildi)	Kjöt 93-94 (ærgildi)	Mjólk 93-94 (ærgildi)	Samtals 93-94 (ærgildi)	Fjöldi bæja 91-92	Fjöldi bæja 93-94
Höfuðborgarsvæði	4.527	10.050	14.576	3.106	8.975	12.082	83	43
Suðurnes	1.051	254	1.305	331	231	562	26	9
Vesturland	97.429	83.273	180.702	70.384	80.086	150.469	590	524
Vestfirðir	66.478	19.595	86.073	50.588	18.415	69.003	321	282
Norðurland vestra	101.227	85.824	187.050	83.116	80.513	163.629	574	550
Norðurland eystra	94.568	151.410	245.978	74.685	148.772	223.457	668	620
Austurland	75.061	33.793	108.854	74.039	32.520	106.559	383	378
Suðurland	115.940	209.802	325.742	83.708	205.121	288.829	872	786
Samtals	556.280	594.000	1.150.280	439.957	574.633	1.014.590	3.517	3.192

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins

Samdráttur í framleiðsluheimildum hefur verið meiri á Vestfjörðum en á landinu öllu. Samdráttur er þó meiri á Vesturlandi og Suðurlandi. Sauðfjárframleiðsla hefur dregist


saman um 24% á Vestfjörðum en um 21% á landinu öllu. Heimild til mjólkurframleiðslu hefur dregist saman um 6% en 3,3% á landinu öllu. Samdráttur í mjólkurframleiðslu er einungis meiri á Norðurlandi vestra en á Vestfjörðum.

Mynd 25 Fjöldi sauðfjár 1988-1992 eftir landshlutum



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 26 Fjöldi mjólkurkúa 1988-1992 eftir landshlutum



Heimild: Hagstofa Íslands

Úrvinnsla landbúnaðarafurða

Samkvæmt upplýsingum Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins var sauðfé úr Vestfjarðakjördæmi slátrað á Þingeyri, Hólmavík, Borðeyri, Óspakseyri, Króksfjarðarnesi, Búðardal, Patreksfirði og Hvammstanga.

Í sláturhúsinu á Þingeyri var slátrað fé úr Arnarfirði að hluta, Dýrafirði, Súgandafirði og að hluta úr Djúpi. Í sláturhúsinu á Króksfjarðarnesi var fé slátrað úr Reykhólahreppi og að hluta úr Djúpi. Á Patreksfirði slátruðu nokkrir bændur í sláturhúsi sem þeir tóku á leigu. Nokkrir bændur úr Arnarfirði fóru með fé sitt til slátrunar á Hvammstanga og bændur úr Barðastrandarhreppi fóru með sitt fé til slátrunar í Búðardal. Á Hólmavík var slátrað fé úr norðanverðri Strandasýslu og að hluta úr Djúpi og á Borðeyri og Óspakseyri var slátrað fé af nærliggjandi bæjum.

Þetta er mikil breyting frá því sem var á árum fyrr þegar slátrað var á mun fleiri stöðum. Samgöngubætur hafa gert mögulegt að fara með fé til slátrunar um mun lengri veg en áður var. Flutningskostnaður virðist ekki vera hindrun í vegi fyrir því að bændur leiti í auknum mæli eftir því að slátra fé sínu hjá þeim sláturleyfishöfum sem þeir treysta.

Í Vestfjarðakjördæmi voru tvær mjólkurstöðvar á Patreksfirði og Ísafirði þar til 1. janúar 1993 að Mjólkursamlagið í Búðardal tók yfir þjónustu mjólkurbúsins á Patreksfirði. Mjólkursamlagið á Patreksfirði þjónaði Vestur-Barðastrandarsýslu. Mjólkursamlag á Ísafirðinga þjónar Ísafjarðarsýslum en mjólk úr Strandasýslu var unnin á Hvammstanga meðan.

Framleiðendur á starfssvæði Mjólkursamlags á Ísafirðinga eru nú 35 og er greiðslumark þeirra 1,54 milljónir lítra. Framleiðendur á starfssvæði Mjólkursamlagsins í Búðardal í Vestfjarðakjördæmi eru: 19 í Vestur-Barðastrandarsýslu með 31 og er greiðslumark þeirra 1,0 milljónir lítra og 12 í Austur-Barðastrandarsýslu með 0,7 milljónir lítra í greiðslumark.

Þegar Mjólkursamlagið í Búðardal tók yfir rekstur Mjólkursamlagsins á Patreksfirði var ákveðið að úrelda reksturinn á Patreksfirði og var allri vinnslu hætt þar hinn 20. apríl 1993. Nú er allri mjólk úr Vestur-Barðastrandarsýslu ekið í Búðardal og unnið úr henni þar. Jafnframt er gott samstarf milli mjólkursamlaganna á Ísafirði og í Búðardal og er farið með umframframleiðslu af Ísafjarðarsvæðinu til vinnslu í Búðardal einkum á sumrin. Alls tók Mjólkursamlagið á Búðardal við um 0,25 milljónum lítra frá Mjólkursamlagi á Ísafirðinga á síðasta ári.

Ljóst er að mjólkurframleiðsla á Vestfjörðum er mjög háð vegasamgöngum. Ekki er ólíklegt að hún leggist af á næstu árum á þeim bæjum þar sem óhagkvæmast er að sækja mjólkina til vinnslu

6 Þjónusta

Þegar er fram komið að hlutfall þjónustustarfa á vinnumarkaði er lágt á Vestfjörðum. Það á sér ýmsar ástæður. Að hluta til er um að kenna mikilli einangrun einstakra byggða og fámenni þeirra hverrar fyrir sig. Að hluta til er skýringar að leyta í fámenni svæðisins í heild.

Í skýrslu Byggðastofnunar „Breyttar áherslur í byggðamálum“ kemur fram að með einni undantekningu er öll sú opinbera þjónusta sem veitt er fyrir Vestfjarðakjördæmi staðsett á Ísafirði. Vinnueftirlit er hins vegar á Bolungarvík. Fasteignamatþjónusta fyrir Vestfirði er frá Borgarnesi. Héraðsþjónusta er fjölbreyttust á Patreksfirði.

Nú þegar samgöngubætur stækka þjónustusvæði umtalsvert bæði á norðursvæði og suðursvæði er þess að vænta að þjónusta verði nokkuð fjölbreyttari. Jafnframt er við því að búast að breytingar verði á því hvar þjónusta er veitt.

Þannig má búast við því að hlutverk Ísafjarðar sem þjónustukjarna norðursvæðisins alls muni vaxa. Eitt hvað af þeirri þjónustu einkaaðila sem veitt hefur verið í nálægum kaupúnum gæti færst þangað. Jafnframt eru líkur til að gæði þjónustunnar aukist, hún verði fjölbreyttari og samkeppni verði vikari.

Ísafjörður er í dag óumdeildur kjarni allra Vestfjarða um ýmsa opinbera þjónustu sem einungis er veitt á einum stað. Hin mikla dreifing byggðarinnar og erfiðar samgöngur hafa þó gert erfitt um vik að staðurinn næði að rækja þetta hlutverk sitt sem skyldi. Meðal annars þess vegna hefur ýmiss konar þjónusta verið sótt út fyrir fjórðunginn.

Patreksfjörður hefur verið þjónustukjarni suðursvæðisins og Hólmavík í Strandasýslu. Vegna fámennis er ekki mikla þjónusta að finna á Reykhólum. Þessir staðir rækja þetta hlutverk sitt þeim mun betur sem samgöngur við þá eru betri.

7 Samgöngur

Vestfirðir eru mjög einangraðir í samgöngulegu tilliti enda þótt veruleg breyting hafi orðið á því á síðustu árum. Einstakir firðir hafa verið einangraðir hver frá öðrum yfir vetrartímamann enda þótt vegalengdir milli staða séu ekki miklar. Þá hafa vetrarsamgöngur innan fjarða sums staðar verið í miklum erfiðleikum bundnar. Á síðustu árum hefur orðið veruleg breyting til batnaðar í vegasamgöngum á Vestfjörðum. Við það hafa, eða eru að myndast tvö svæði innbyrðis samtengd þar sem mestan hluta byggðarinnar á Vestfjörðum er að finna.

Búið er að leggja veginn á milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar bundnu slitlagi og vegurinn til Bíldudals um Hálfðán er því sem næst fullgerður. Þar með eru þessi þrjú kaupún tengd saman með eins góðum vegasamgöngum og mögulegt er við þær náttúrufarsaðstæður sem þarna eru. Raunar er vegurinn milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar eins og hann er nú mesta samgönguhindrunin á þessu svæði að mati sumra. Það sýnir hversu mikil breyting hefur orðið á vegasamgöngum vegna þessara framkvæmda. Tenging suðursvæðisins við Barðaströnd er aðalverkefni næstu ára á þessu svæði. Þar er fyrst og fremst að ræða lagningu bundins slitlags á veginn á Barðaströnd enda er Kleyfaheiði ekki mikil samgönguhindrun vegna þess hversu snjólétt hún er.

Á því svæði sem nefnt hefur verið norðursvæðið urðu meiriháttar samgöngubætur þegar Dýrafjörður annars vegar og Önundarfjörður hins vegar voru brúaðir. Við þetta gjörbreyttust samgöngur innan fjarða og vegalengd milli Þingeyrar og Flateyrar styttest. Vegaframkvæmdir í Óshlíð hafa bætt tengingu milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar svo að segja ár frá ári. Þó er sá vegur enn hættulegur á köflum og verður verkefni næstu ára að bæta úr því. Það er síðan með jarðgöngum undir Botns- og Breiðadalsheiðar sem samtenging alls norðursvæðisins verður að veruleika.

Tenging á milli þessara svæða er erfið, bæði um Dynjandisheiði og Hrafnoseyrarheiði og mun svo að öllum líkindum verða á næstu árum. Vegur um Djúp og þaðan yfir Steingrímsfjarðarheiði tengir norðursvæðið við aðra landshluta. Þar er enn eftir verulegt verkefni þótt heiðin sjálf sé ekki sá farartálmi sem áður var. Miklar vegabætur hafa verið á veginum um Steingrímsfjörð og þaðan áfram suður. Þar með batnar staða Hólmavíkur til að gegna þjónustuhlutverki fyrir Strandasýslu og jafnvel að hluta til yfir í Inn-Djúpið en sbúar þar sækja m.a. heilsugæslu þangað. Vegasamgöngur við Árneshrepp eru erfiðar og munu verða það áfram.

Í A-Barðastrandasýslu er framundan mikil samgöngubót þegar gerður verður vegur yfir Gilsfjörð framanverðan í stað þess sem nú liggur inn fyrir fjörðinn um mjög snjópungt land. Uppi hafa verið hugmyndir um að gera veg yfir á Steingrímsfjarðarheiði og stytta þannig tengingu norðursvæðis Vestfjarða við höfuðborgarsvæðið verulega.

Vegna þess hversu langt Vestfirðir eru frá Reykjavík eru þeir mjög háðir flugsamgöngum einkum á norðanverðum Vestfjörðum. Raunar hefur flug einnig verið notað til samgangna innan svæða vegna þess hversu slæmar vegasamgöngur hafa verið. Þetta er nú að breytast.

8 Fjármál sveitarfélaga á Vestfjörðum

Tekjur þéttbýlissveitarfélaga á Vestfjörðum endurspeгла að mestu hátt tekjustig þeirra sem þar búa. Þó eru tekjur á Bolungarvík og Hólmavík um landsmeðaltal en í öðrum þéttbýlissveitarfélögum eru tekjur á fbúa yfir meðaltalinu. Á Þingeyri eru þær 20% yfir landsmeðaltali og 17% á Ísafirði. Rekstur sveitarfélaganna er þó einnig dýrari á fbúa en að meðaltali fyrir landið, nema á Hólmavík, Þingeyri og Tálknafirði.

Heimildir um fjármál sveitarfélaga er að finna í Árbók sveitarfélaga. Í töflu 5 hér á eftir eru birtar niðurstöður um nettó peningalega stöðu sveitarfélaga¹ fyrir árin 1987 til 1992 en það eru nýjustu upplýsingar sem fyrir liggja.

Tafla 5 Nettó peningaleg staða sveitarsjóða á Vestfjörðum
á verðlagi í árslok 1993

	1987	1988	1989	1990	1991	1992
4000 Ísafjörður	-341.367	-391.196	-357.495	-319.322	-318.173	-249.538
4100 Bolungarvík	-59.360	-50.124	-124.177	-65.813	-99.692	-177.166
4603 Patrekshreppur	-63.453	-71.937	-84.976	v	-72.091	-95.753
4604 Tálknafjarðarhreppur	-4.719	v	v	-40.488	-2.195	-9.704
4606 Bíldudalshreppur	v	-35.363	-66.191	-67.216	-66.004	-61.985
4702 Þingeyrarhreppur	-5.418	6.364	v	-1.641	v	-41.615
4705 Flateyrarhreppur	-15.956	-21.491	-46.436	-53.465	-68.041	-74.214
4706 Suðureyrarhreppur	-62.413	v	v	-88.845	-110.590	-89.884
4803 Súðavíkurhreppur	-1.031	-10.042	2.506	-8.547	2.194	7.561
4904 Hólmavíkurhreppur	-19.232	-18.587	-23.495	-32.528	-25.737	-27.404
Vestfirðir	-572.949	-592.375	-700.264	-677.864	-760.330	-819.703

Heimild Árbók sveitarfélaga

v: Upplýsingar vantar

Samkvæmt þessu upplýsingum hefur staða sveitarsjóða í heild versnað um 43% frá árinu 1987 til 1992, en þá ber að hafa í huga að upplýsingar um stöðu Bíldudals vantar. Ef Bíldudalur er tekinn frá 1992 hefur staðan í heild versnað um 32%.

Nettó peningaleg staða segir þó ekki alla söguna. Til þess að bera Vestfirði saman við aðra landshluta hefur verið valin sú leið að finna út nettó peningalega stöðu á fbúa fyrir tímabilið sem hér er sýnt og koma niðurstöðurnar fram í töflu 6. Þar er einnig til

¹ Penningaleg staða er veltufjármunir og langtímakröfur að frádregnum skammtíma- og langtíma-skuldum. Eignir utan efnahags geta haft áhrif á mat á peningalegri stöðu og hið sama er að segja um seljanlega fastafjármuni

samanburða að finna upplýsingar um skuldir á íbúa á landinu öllu, höfuðborgarsvæðinu og landinu utan höfuðborgarsvæðisins án Vestfjarða.

Tafla 6 Nettó peningaleg eign á íbúa í þús. kr. á verðlagi í árslok 1993


	1987	1988	1989	1990	1991	1992
4000 Ísafjörður	-99,2	-113,5	-103,5	-91,5	-91,1	-71,5
4100 Bolungarvík	-48,5	-41,1	-102,0	-55,4	-84,6	-148,3
4603 Patrekshreppur	-64,9	-72,8	-91,3	v	-80,2	-104,8
4604 Tálknafjarðarhreppur	-12,5	v	v	-108,0	-6,1	-26,4
4606 Bíldudalshreppur	v	-88,6	-173,7	-182,2	-179,4	-176,6
4702 Þingeyrarhreppur	-11,2	12,6	v	-3,4	v	-85,8
4705 Flateyrarhreppur	-36,3	-49,5	-118,2	-136,4	-168,4	-185,5
4706 Suðeyrarhreppur	-145,1	v	v	-242,1	-314,2	-279,1
4803 Súðavíkurhreppur	-4,2	-39,1	10,8	-36,8	9,6	32,6
4904 Hólmanvíkurhreppur	-41,0	-41,1	-51,1	-68,3	-52,8	-54,6
Vestfirðir	-70,9	-76,9	-93,8	-88,1	-97,9	-99,3
Ísland	13,2	12,7	1,8	-7,4	-20,8	-37,9
Höfuðborgarsvæðið	-39,3	-46,6	-52,6	-44,4	-32,4	-29,5
Önnur svæði	-9,1	-12,0	-21,0	-23,3	-27,3	-36,9

v: Upplýsingar vantar

Af þessum upplýsingum má draga þá ályktun að staða sveitarsjóða á Vestfjörðum sé mun verri en meðaltalið í landinu og þar hafa skuldir á íbúa aukist eins og á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma og skuldir annarra sveitarfélaga hafa minnkað.

Rétt er að fram komi að þær upplýsingar sem hér er fjallað um eru frá árum áður en álagningu aðstöðugjalds var hætt.

Mynd 27 Nettó peningaleg eign sveitarfélaga á íbúa 1987 til 1992



Viðauki

Tafla 7 Aflaheimildir 1991-1994 eftir sveitarfélögum

Sveitarfélag	kvóti 91/92	kvóti 92/93	kvóti 93/94	%	%	Úthlutun	Breyting
	þorskígildis- tonn	þorskígildis- tonn	þorskígildis- tonn	breyting 91-93	breyting 92-93	Hagsrj.93 % af 92-93	92- 93 mæð Hagsrj.
0 Reykjavík	36.273	34.061	32.408	-11%	-5%	2,6%	-2%
1000 Kópavogur	759	689	440	-42%	-36%	1,5%	-35%
1100 Seltjarnarnes	17	13	13	-22%	-1%	14,7%	14%
1300 Garðabær	32	27	0	-100%	-100%		-100%
1400 Hafnarfjörður	15.168	14.706	12.120	-20%	-18%	3,8%	-14%
2200 Keflavík	13.387	11.733	11.440	-15%	-2%	2,8%	0%
2300 Grindavík	25.271	21.400	23.598	-7%	10%	1,8%	12%
2400 Njarðvík	668	670	672	1%	0%	1,7%	2%
2503 Sandgerði	7.984	7.561	7.649	-4%	1%	2,0%	3%
2504 Garður	3.565	3.218	2.917	-18%	-9%	4,8%	-5%
2506 Vogar	2.065	2.000	1.838	-11%	-8%	4,1%	-4%
3000 Akranes	14.898	13.379	14.688	-1%	10%	3,0%	13%
3200 Ólafsvík	9.064	8.000	7.428	-18%	-7%	4,6%	-3%
3606 Borgarnes	0	0	0	-46%	-26%	0,0%	-26%
3705 Hellnar	172	139	76	-56%	-45%	20,2%	-34%
3706 Hellissandur/Rif	5.186	4.370	3.817	-26%	-13%	6,9%	-7%
3709 Grundarfjörður	7.909	7.571	6.917	-13%	-9%	3,3%	-6%
3711 Stykkishólmur	5.750	5.257	4.641	-19%	-12%	2,2%	-10%
4000 Ísafjörður	17.650	16.064	15.563	-12%	-3%	4,7%	1%
4100 Bolungarvík	7.728	6.759	5.166	-33%	-24%	3,4%	-21%
4502 Reykhólar	14	11	5	-60%	-49%	0,0%	-49%
4601 Barðaströnd	710	715	700	-1%	-2%	0,0%	-2%
4603 Patreksfjörður	4.950	4.238	2.674	-46%	-37%	10,3%	-30%
4604 Tálknafjörður	2.923	2.526	2.030	-31%	-20%	8,5%	-13%
4606 Bíldudalur	3.718	3.265	1.525	-59%	-53%	1,0%	-53%
4702 Þingeyri	5.623	5.048	3.705	-34%	-27%	3,7%	-24%
4705 Flateyri	2.645	2.395	1.973	-25%	-18%	5,0%	-13%
4706 Suðureyri	2.307	2.032	491	-79%	-76%	9,1%	-74%
4803 Súðavík	4.241	3.956	4.136	-2%	5%	3,2%	8%
4901 Djúpvík	136	125	73	-47%	-42%	25,9%	-27%
4902 Drangsnæs	1.650	1.685	498	-70%	-70%	14,8%	-66%
4904 Hól mavík	3.615	3.313	2.758	-24%	-17%	5,1%	-12%
5000 Siglufjörður	8.740	7.796	6.832	-22%	-12%	3,5%	-9%
5100 Sauðárkrúkur	6.999	6.578	6.196	-11%	-6%	8,5%	2%
5504 Hvammstangi	1.765	1.802	475	-73%	-74%	15,3%	-70%
5604 Blönduós	2.445	2.515	2.302	-6%	-8%	2,3%	-6%
5609 Skagastönd	7.229	6.578	6.947	-4%	6%	5,1%	11%
5710 Höfsós	339	295	214	-37%	-27%	30,7%	-5%
6000 Akureyri	31.841	29.774	27.446	-14%	-8%	2,4%	-6%
6100 Húsavík	9.200	7.651	7.630	-17%	0%	2,3%	2%
6200 Ólafsfjörður	11.001	9.700	9.218	-16%	-5%	4,5%	-1%
6300 Dalvík	7.428	6.583	7.335	-1%	11%	3,0%	15%

Tafla 7 framhald Aflaheimildir 1991-1994 eftir sveitarfélögum

Sveitarfélag	kvóti 91/92	kvóti 92/93	kvóti 93/94	%	%	Úthlutun	Breyting
	þorskígildis- tonn	þorskígildis- tonn	þorskígildis- tonn	breyting 91-93	breyting 92-93	Hagsrj.93 % af 92-93	92-93 Hagsrj. með
6501 Grímsey	958	796	652	-32%	-18%	8,9%	-11%
6504 Hrísey	4.617	4.079	3.051	-34%	-25%	1,5%	-24%
6505 Hauganes	2.891	2.589	2.255	-22%	-13%	3,6%	-10%
6506 Hjalteyri	10	8	6	-44%	-25%	19,8%	-10%
6601 Svalbarðsströnd	10	8	6	-45%	-25%	20,5%	-10%
6602 Grenivík	2.505	2.220	1.858	-26%	-16%	4,8%	-12%
6702 Kópasker	78	59	121	55%	106%	4,4%	115%
6705 Raufarhöfn	2.925	2.462	2.096	-28%	-15%	9,2%	-7%
6707 Þórshöfn	2.663	2.351	3.305	24%	41%	2,4%	44%
7000 Seyðisfjörður	4.328	3.773	2.927	-32%	-22%	6,8%	-17%
7100 Neskaupstaður	9.980	8.404	10.709	7%	27%	2,2%	30%
7200 Eskifjörður	8.095	6.533	7.117	-12%	9%	2,9%	12%
7501 Þakkafjörður	908	757	621	-32%	-18%	6,8%	-12%
7502 Vopnafjörður	3.188	2.798	2.385	-25%	-15%	7,4%	-8%
7509 Borgarfjörður Eystri	400	315	254	-37%	-20%	12,2%	-10%
7605 Mjólfjörður	97	78	65	-33%	-17%	11,5%	-7%
7609 Reyðarfjörður	1.700	1.559	1.317	-23%	-16%	6,3%	-10%
7611 Fáskrúðsfjörður	7.695	6.624	4.905	-36%	-26%	4,3%	-23%
7612 Stöðvarfjörður	1.686	1.568	1.399	-17%	-11%	4,8%	-6%
7613 Breiðdalsvík	1.444	1.392	1.647	14%	18%	4,0%	23%
7615 Djúpvogur	2.632	2.355	1.980	-25%	-16%	6,9%	-10%
7703 Hornafjörður	14.869	13.938	13.798	-7%	-1%	2,6%	2%
8000 Vestmannaeyjar	40.780	37.103	38.926	-5%	5%	1,4%	6%
8100 Selfoss	704	737	690	-2%	-6%	0,0%	-6%
8508 Vík í Mýrdal	14	14	0	-99%	-99%	0,0%	-99%
8702 Stokkseyri	2.856	2.828	1.636	-43%	-42%	0,1%	-42%
8703 Eyrarbakki	551	524	497	-10%	-5%	1,6%	-4%
8717 Þorlákshöfn	12.776	12.392	11.751	-8%	-5%	2,6%	-3%
Alls	424.424	384.461	362.528	-15%	-6%	3,3%	-3%

Heimild: Fiskistofa